

Unglingalandslið drengja í áhaldafimleikum 2025

Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, landsliðsþjálfari unglunga í áhaldafimleikum karla, vinnur samkvæmt afreksstefnu FSÍ. Landsliðsþjálfari myndar úrvals- og landsliðshópa í samráði við landsliðsþjálfara karla og afreksstjóra.

Val í landslið fer fram úr úrvalshópi og byggir á innihaldi æfinga, frammistöðu iðkenda og stöðugleika sem þeir sýna á mótum og æfingamótum. Val í úrvalshóp fer fram í byrjun árs. Þá er öllum drengjum, sem uppfylla æfingaskilyrði og eru á leyfilegum aldri samkvæmt reglum FIG og UEG, boðið að taka þátt í opinni æfingu.

Helstu markmið ungingalandsliðsins eru að byggja upp sterka liðsheild og undirbúa hópinn fyrir framtíðina, auka þekkingu og faglegheit og hjálpa iðkendum að vaxa sem fimleikamenn svo þeir komi reynslunni ríkari inn í fullorðinsflokk.

Helstu verkefni á árinu 2025

Junior Team Cup – Berlín

15.05. – 18.05.

Keppendur: Kári Pálmason (Gerpla), Rökkvi Kárason (Ármann), Sólon Sverrisson (KA) og Þorsteinn Orri Ólafsson (Ármann)

Norðurlandamót unglunga – Aalborg

07.06. – 08.06.

Keppendur: Eysteinn Daði Hjaltason (Gerpla), Kári Pálmason (Gerpla), Rökkvi Kárason (Ármann), Sólon Sverrisson (KA) og Þorsteinn Orri Ólafsson (Ármann)

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) – Osijek

22.07. – 26.07.

Keppendur: Kári Pálmason (Gerpla) og Þorsteinn Orri Ólafsson (Ármann)

Junior Team Cup – Berlín

Junior Team Cup er eitt sterkasta ungingamót Evrópu þar sem flest lönd álfunnar taka þátt, auk landsliða víðs vegar að úr heiminum.

Landsliðinu gekk vel á mótinu og lauk keppni í undanúrslitum með 199,600 stig.

Kári keppti til úrslita á svifrá og endaði í 2. sæti með einkunnina 12,100 eftir að hafa bætt erfiðleika við æfingu sína frá undanúrslitum.

Sólon keppti í úrslitum á stökki og endaði í 3. sæti með einkunnina 12,450 eftir tvö örugg stökk.

Þetta var góður árangur hjá landsliðinu og mikilvægt skref í undirbúningi fyrir Norðurlandamótið.

Norðurlandamót unglunga – Aalborg

Falllaus keppni hjá strákunum sem sýndu frábæran karakter og liðsheild, sem skilaði þeim 4. sæti í liðakeppninni.

Kári Pálmason kom, sá og sigraði og stóð uppi sem Norðurlandameistari unglunga í fjölþraut.

Strákarnir tryggðu sér jafnframt keppnisrétt í úrslitum með góðum árangri:
Kári Pálmason – gólf, bogahestur, stökk, tvíslá og svifrá
Sólon Sverrisson – stökk og tvíslá

Kári átti frábæran dag í úrslitum á gólfi, bogahesti, stökki, tvíslá og svifrá. Hann vann til tveggja gullverðlauna til viðbótar við fjölþrautargullið, með öruggum sigri á tvíslá og svifrá.

Sólon sýndi einnig flott tilþrif á tvíslánni og stökkinu. Hann hafnaði í 2. sæti á stökki með 12.733 stig eftir glæsilega frammistöðu.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) – Osijek

Drengirnir stigu á keppnisgólfið og stóðu sig með miklum sóma. Þeir sýndu bæði sjálfstraust og samheldni og áttu ágæta keppni, sem hófst á svifrá og lauk með glæsilegum æfingum á tvíslá.

Strákarnir kepptu á podiumi og öðluðust dýrmæta reynslu sem þeir geta nýtt sér í framtíðarverkefnum.

Samantekt

Árið 2025 var frábært fimleikaár á öllum sviðum.



Unglingarnir í landsliðinu sýndu í verki að þrátt fyrir að fimleikar séu einstaklingsmiðuð íþrótt kemst maður lengra í góðum hópi. Sigrarnir voru margir, þar á meðal Norðurlandameistararitlar og verðlaun á Junior Team Cup, auk þess sem keppendur öðluðust dýrmæta reynslu sem nýtist þeim til að taka næstu skref.

Karlalandsliðið hefur með frábærum árangri, vinnusemi og elju sýnt hvað er hægt ef viljinn og metnaðurinn eru til staðar. Þeir eru frábærar fyrirmyndir, bæði í salnum og með árangri sínum á erlendum vettvangi.

Hróbjartur P. Hilmarsson